



Snjóflóð á Íslandi veturinn 2016–2017

Óliver Hilmarsson

Forsíða: Harpa Grímsdóttir við mælingar á snjóflóði sem féll undan fjórum fjallaskiðamönnum í Botnsdal í Ségandafirði 21 mars 2017. Ljósmynd: Óliver Hilmarsson.

Snjóflóð á Íslandi veturinn 2016–2017

Óliver Hilmarsson, Veðurstofu Íslands

Skýrsla nr.: VÍ 2017-011	Dags.: Október 2017	ISSN: 1670-8261	Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/> Skilmálar:
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Snjóflóð á Íslandi veturinn 2016–2017		Upplag: 40 Fjöldi síðna: 62 Framkvæmdastjóri sviðs: Ingvar Kristinsson	
Höfundar: Óliver Hilmarsson		Verkefnisstjóri: Harpa Grímsdóttir Verknúmer: 4351–0–0001	
Gerð skýrslu/verkstig:		Málsnúmer:	
Unnið fyrir:			
Samvinnuaðilar:			
Útdráttur: Veturinn 2016–2017 var hlýr og snjóléttur, sérstaklega fyrri hluti vetrar. Fá illviðri gengu yfir landið og var aldrei lýst yfir hættustigi vegna snjóflóðahættu í byggð. Einu sinni var lýst yfir óvissustigi hluta úr degi vegna mögulegrar snjóflóðahættu á Kirkjubæjarklaustri. Lítill snjór var í fjöllum á landinu en heldur bætti á snjó þegar líða tók á veturinn og náði snjódýpt hámarki í apríl víðast hvar. Einungis fjögur snjóflóð lokuðu vegum þennan vetur og tvær aurskriður. Ekkert snjóflóð lokaði veginum um Súðavíkurhlíð sem er óvenjulegt. Snjóflóð ollu talsverðum vandræðum fyrir fjallafólk og lést einn maður í snjóflóði þennan vetur og fjórir til viðbótar slösuðust. Snjóflóð ollu engu tjóni á mannvirkjum.			
Lykilorð: Snjóflóð, snjóalög, tíðarfar, snjóflóðaaðstæður, snjódýptarmælingar, snjóflóðavakt, snjóflóðahrinur, snjóflóðaannáll, annáll		Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs: <i>A. U. Þóris B. Jónasdóttir</i> Undirskrift verkefnisstjóra: <i>Harpa Grímsdóttir</i> Yfirfarið af: SG	

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	7
2. YFIRLIT OFANFLÓÐAVAKTAR	7
3. SNJÓFLÓÐAYFIRLIT OG VÖKTUN SNJÓFLÓÐAHÆTTU	13
3.1 Skráning snjóflóða	13
3.2 Snjóflóðahrinur vetrarins	14
3.3 Óvissustig og rýmingar	15
3.4 Snjóflóð á vegi	15
3.5 Snjóflóð af mannavöldum.....	16
3.6 Snjódýptarmælingar	19
4. HELSTU SNJÓFLÓÐ VETRARINS	21
4.1 Esja 28. jánúar.....	22
4.2 Botnsdalur 21. mars	24
4.3 Esja 23. apríl	26
HEIMILDIR.....	28
VIÐAUKI I. SNJÓDÝPTARMÆLINGAR.....	29
VIÐAUKI II. SKRÁÐ SNJÓFLÓÐ VETURINN 2015–2016.....	32

Töfluskrá

Tafla 1. Fjöldi snjóflóðaskráninga og gerð snjóflóða veturinn 2016–2017 og næstu tvo vetur á undan. Neðst í töflunni er sýnt hve mörg flóð voru af stærð 3 eða stærri. 13

Tafla 2. Fjöldi snjóflóða sem lokuðu vegum á þeim svæðum þar sem Veðurstofan gefur út snjóflóðaspá..... 15

Tafla 3. Ofanflóð veturinn 2016–2017 sem féllu yfir vegi og lokuðu þeim. Ekki er tiltekin stærð á aurskriðum eða grjóthruni. 16

Tafla 4. Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2016–2017. G: Göngumaður, S: Skíðamaður V: Vélsleði, T: Snjótroðari, M: Af mannavöldum/ótilgreint..... 16

Myndaskrá

Mynd 1. Horft frá Þjóðvegi 1 og upp eftir aurskriðunni sem féll í Berufirði 11. nóvember. Skriðan lokaði veginum og flutningabíll á suðurleið festist í henni.8

Mynd 2. Harpa Grímsdóttir í brotstálsgrýfju snjóflóðsins sem féll undan skíðamönnum í Botnsdal 21. mars. 10

Mynd 3. Aurskriðan í Þófalæk á Seyðisfirði. Aur og drulla fór inn í kjallara hússins sem er á miðri mynd. 12

Mynd 4. Snjódýpt ofan Súðavíkur veturinn 2016–2017. Hæð stika ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn.	19
Mynd 5. Snjódýpt ofan Siglufjarðar veturinn 2016 – 2017. Hæð stika ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn.	20
Mynd 6. Snjódýpt í Tröllagili ofan Neskaupstaðar veturinn 2016 – 2017. Hæð stika er tilgreind aftan við stikunafn.	20
Mynd 7. Mismunandi nákvæmni á útlínum snjóflóða.	21
Mynd 8. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Grafardal í Esju, 28. janúar. Línuritín sýna hitastig og úrkomu í Reykjavík og vind á Skálafelli.	22
Mynd 9. Útlínur snjóflóðsins í Esjunni 28. janúar. Gönguleiðin uppá Hátind liggur eftir hryggnum sem ber við himinn. Göngumennirnir þrír settu flóðið af stað í þrönga gilinu vinstra megin á myndinni en annað lítið flóð var austan við þá. Rauði krossinn sýnir hvar hinn látni fannst. Ljósmynd: Gísli Símonarson.	23
Mynd 10. Horft niður eftir flóðtungunni sem var mjó en nokkuð þykk á köflum. Ljósmynd: Ágúst Þór Gunnlaugsson.	23
Mynd 11. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Botnsdal í Súgandafirði 21. mars. Línuritín sýna hitastig og úrkomu á Ísafirði og vind á Þverfjalli.	24
Mynd 12. Útlína snjóflóðsins í Botnsdal. Bláa línan sýnir hvar mennirnir skíðuðu niður. Náttúrulegt flekaflóð í Kistufelli var fallið þegar mennirnir gengu upp og er merkt með brotinni línu.	25
Mynd 13. Brotstálsgrýfja snjóflóðsins í Botnsdal. Flóðið brast á veiku lagi milli gamla snævarins og nýrri vindfleka á um 48 cm dýpi.	25
Mynd 14. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Esju 23. apríl. Línuritín sýna hitastig og úrkomu í Reykjavík og vind á Skálafelli.	26
Mynd 15. Útlínur snjóflóðsins við Rauðhamra í Esjunni. Rauða línan sýnir hvar fótspor mannsins fundust.	27
Mynd 16. Snjóflóðið við Rauðhamra var ekki stórt en féll niður grýtta og snjólitla fjallshlíð.	27

1. Inngangur

Annáll þessi nær yfir öll skráð snjóflóð frá 1. september 2016 til 1. september 2017. Flest flóðanna eru skráð af starfsfólki Veðurstofunnar og Vegagerðarinnar og er ljóst að fjölmörg flóð falla á ári hverju án þess að eftir þeim sé tekið eða þau skráð.

Í annálnum er fyrst yfirlit yfir helstu atburði eins og óveður, snjóflóð og skriðuföll, rýmingar og annað sem viðkemur störfum Ofanflóðaflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Síðan er fjallað um helstu snjóflóð og snjóflóðahrinur, óvissustig og rýmingar, lokanir á vegum, flóð af mannavöldum, tjón og fleira. Nokkur snjóflóð eru tekin sérstaklega fyrir og þeim gerð betur skil. Í viðauka II er listi yfir allar snjóflóðafærslur vetrarins sem eru skráðar í gagnagrunn Veðurstofunnar. Myndir sem ekki eru merktar myndatökumanni voru teknar af starfsmönnum Veðurstofunnar.

2. Yfirlit ofanflóðavaktar

Í þessum kafla er farið yfir helstu atburði eins og óveður, snjóflóð og skriðuföll, rýmingar og annað sem viðkemur störfum Ofanflóðaflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Hver mánuður er tekin fyrir frá september 2016 til ágúst 2017.

September

Úrkomusamt var á landinu í septembermánuði og hlýtt. Helgina 9–11. gekk lægð vestur yfir landið með mikilli rigningu á norðanverðum Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Önnur lægð olli einnig mikilli rigningu á Ströndum og á SA-landi dagana 21–22. september. Skriðuvakt Veðurstofunnar fylgdist með aðstæðum í þessum vatnsveðrum vegna mögulegra skriðufalla og vatnavaxta en ekki hlutust af nein teljandi vandræði.

Október

Mánuðurinn var sérlega hlýr og víða á landinu sá hlýjasti síðan mælingar hófust. Úrkoma var óvenjumikil um landið sunnan- og vestanvert. Leifar af fellibyllum Matthew gekk yfir landið 11–12. október með miklu vatnsveðri á sunnan- og vestanverðu landinu og fréttist af nokkrum aurskriðum og grjóthruni. Þar ber helst að nefna aurskriðu sem féll úr Sandeyrargili á Hrafseyrarhlíð þann 12. sem lokaði veginum um tíma og berghrun í Tónni í Dyrhólaey sama dag.

Í lok mánaðararins hafði snjór safnast í gil víða á Norðurlandi og var fyrsta snjóflóð vetrarins skráð þann 28. í Tungudal vestan Dalvíkur.

Þann 31. brotnaði staur í Hrafseyrarlínu í Arnarfirði, vegna grjóthruns og varð rafmagnslaust á Þingeyri um tíma.

Nóvember

Lítill sem enginn snjór var í fjöllum í byrjun mánaðarins. Jarðvegur á Austfjörðum var víða gegnsósa eftir þrálátar rigningar um haustið og ekkert frost var í jörðu í fjallahæð. Um kvöldið þann 11. gerði úrhellisrigningu í norðanverðum Berufirði og féllu fjölmargar aurskriður í kjölfarið úr fjallinu milli Krossgerðis og Streitis. Flutningabíll á suðurleið ók inn í eina skriðuna sem fallið hafði yfir Þjóveg 1 á um 20 metra kafla. Að sögn ábúanda á Núpi í Berufirði gerði algert skýfall um kvöldið og fljótlega á eftir heyrðust stanslausar drunur þegar skriðurnar tóku að falla.



Mynd 1. Horft frá Þjóðvegi 1 og upp eftir aurskriðunni sem féll í Berufirði 11. nóvember. Skriðan lokaði veginum og flutningabíll á suðurleið festist í henni.

Veturinn gerði vart við sig um miðjan mánuðinn með útsynningi og éljaveðri á Suður- og Vesturlandi. Síðar snérist vindur til norðurs og undir lok mánaðarins hafði snjóað í flestum landshlutum.

Desember

Skaplegasta veður var lengst af í desember og lítil snjór á landinu. Þann 12. féllu þrjár stórir grjóthnullungar á veginn um Álftafjörð, gegnt Súðavík en hægt var að aka veginn.

Eftir milt haust gerði veturinn aftur vart við sig yfir jólahátíðina með skammvinnri norðan- og norðaustanátt. Aðfaranótt 24. desember féll snjóflóð á Ólafsfjarðarveg í farvegi 38 og lokaði veginum. Annars olli þetta veður litlum vandræðum og engin hætta skapaðist í byggð.

Undir lok mánaðarins hlýnaði aftur með suðlægum áttum og féllu þá votar spýjur víða á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Tvö krapaflóð féllu í botni Súgandafjarðar fyrir ofan bæina Botn og Birkihlíð. Annað flóðið fór yfir og rétt niður fyrir Súgandafjarðarveg veg þannig að hann lokaðist en ábúandi á Birkihlíð hreinsaði krapann af veginum með gröfu fljótlega eftir að flóðið féll. Spýjur féllu einnig í Súðavíkurlíð og fór taumur af einu flóði inn á veginn en lokaði honum ekki. Þann 28. féll aurskriða skammt utan við Kleifar í Skötufirði og yfir veg en lokaði honum ekki.

Janúar

Veður var milt í janúar og lítið um illviðri. Snjó tók upp víða á landinu eftir hlákukafla og aldrei skapaðist hætta í byggð né sett á óvissustig.

Aftakalítið norðan vetrarveður gerði 9–11. janúar á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Það sem helst bar til tíðinda í þessu veðri var að snjóflóð féll á Ströndinni skammt utan Siglufjarðar skömmu eftir miðnætti þann 11. og lokaði Siglufjarðarvegi. Ökumaður sem komst ekki áleiðis vegna flóðsins fékk aðstoð lögreglu við að komast til byggða.

Þann 14. setti brettafólk af stað lítið flekaflóð rétt ofan við Norðurbakkann í Hlíðarfjalli. Flóðið fór stutt niður en náði inn á merkta skíðaleið.

Þann 28. janúar féll snjóflóð undan göngumönnum í Grafardal í Esjunni. Flóðið fór af stað ofarlega í þröngu gili skammt vestan við fremur fáfarna gönguleið uppá Hátind. Björgunar-sveitir fengu tilkynningu um flóðið skömmu fyrir klukkan 17:00 og fljótlega fundust tveir mannanna í brattri hlíð fyrir neðan flóðið. Mennirnir sem slösuðust báðir voru fluttir burtu með þyrlu Landhelgisgæslunnar. Síðar um kvöldið fannst svo þriðji maðurinn sem hafði látist vegna áverka sem hann hafði hlotið í fallinu niður grýtta fjallshlíðina.

Sama dag og flóðið féll í Esjunni barst tilkynning um flekaflóð sem féll undan manni sem ók á vélsleða upp bratta brekku skammt frá Eyjafjallajökli. Náði maðurinn að koma sér undan flóðinu og engan sakaði.

Febrúar

Hlýtt var á landinu í febrúar, vætusamt og lítið um vetrarveður. Þann 9. gerði SA-hvassvirði á SA-landi og Austfjörðum með hlýindum og mikilli úrkomu. Lækir flæddu víða yfir bakka sína og fór vatn m.a. yfir veg við Naustá í Fáskrúðsfirði, Breiðdal, Berufirði og í Skriðdal. Skjónu-lækur hljóp með talsverðum framburði svo moka þurfti uppúr farveginum. Skriða lokaði veginum um Vattarnes og vegur fór í sundur í Suðurdal í Fljótdalshéraði vegna vatnavaxta.

Um miðjan mánuðinn var lítill snjór í fjöllum og mat á snjóflóðahættu til fjalla var á grænum fyrir norðanverða Vestfirði og Austfirði. Heldur meiri snjór var á Tröllaskaga en þó með allra minnsta móti.

Eftir miðjan febrúar kólnaði heldur í veðri og vindur snérist úr suðlægum í norðlægar áttir. Vindur var lítill og víða myndaðist yfirborðshrím í fjöllum.

Þann 23. kyngdi niður snjó á Suðurlandi og við Kirkjubæjarklaustur var snjódýpt víða um 60–70 cm. Íbúðabyggðin er mjög nálægt brattri en lágri hlíð og var lýst yfir óvissustigi um tíma vegna hættu á votum flekaflóðum.

Þann 24. hvessti með SA-átt um land allt og fylgdi talsverð úrkoma með þessu veðri. Þann 24. féll flekaflóð af mannavöldum í Suðurdalnum í Hlíðarfjalli. Þrír menn bárust með flóðinu en engan sakaði. Náttúruleg flóð féllu einnig í Hlíðarfjalli um þetta leyti og víðar á Norðurlandi. Á Vestfjörðum bárust fréttir af tíðum „vúmp“ hljóðum í snjóþekjunni í Seljalandsdal sem er merki um veikleika í snjónum.

Mars

Hitastig í mars var nokkuð nærri meðallagi og langir góðviðriskafar. Lítill snjór var í fjöllum en engu að síður mjög varasamar aðstæður fyrir fjallafólk. Fréttir af flekaflóðum af mannavöldum og veikum snjólögum voru tíðar og snérist vaktastarf þennan mánuð fyrst og fremst um að fylgjast með aðstæðum í fjalllendi. Engin óveður gengu yfir landið og aldrei skapaðist hætta í byggð.

Blíðskaparveður var í byrjun mánaðarins og talsvert frost víða á landinu. Þann 1. féllu tvö flóð af mannavöldum á norðanverðum Vestfjörðum. Annað flóðið brast undan snjóþekktum manni sem gekk upp þröngt og bratt gil í Seljalandsdal. Hitt flóðið féll undan vélsleða í Korpudal í Önundarfirði. Bæði flóðin voru lítil en hefðu þó getað slasað fólk.

Froststillur héldu áfram fyrri hluta mars mánaðar og mátti sjá snoturt yfirborðshrím víða upp til fjalla á landinu. Á Tröllaskaga mátti sjá breiður af allt að 4 cm stórum kristöllum, sérstaklega í hlíðum sem voru í skugga fyrir sterkustu sólargeisluninni. Síðar í mánuðinum fannst þetta yfirborðshrím vel varðveitt undir nýrri snjó sem skapaði varasamar aðstæður fyrir fjallafólk.



Mynd 2. Harpa Grímsdóttir í brotstálsgrýfju snjóflóðsins sem féll undan skíðamönnum í Botnsdal 21. mars.

Dagana 19–21. féllu fjöldi flekaflóða á Tröllaskaga og Flateyjarskaga, bæði náttúruleg og flóð af mannavöldum. Þann 20. sást um 1,5 km breitt brotstál frá Hestskarðshnjúki við Siglufjörð, undir Hestskarð og langleiðina að Pallahnjúki. Snjóbrettafólk setti af stað flekaflóð þann 21.3 við skíðasvæðið á Siglufirði, þegar tveir úr fjögurra manna hópi skáru brekkuna undir Grashólabrún. Bárust mennirnir með flóðinu niður hlíðina en grófust ekki. Annar þeirra virkjaði loftpúðapoka sem hann bar.

Þann 19. voru jörgunarsveitir Slysavarnafélags Landsbjargar á Austurlandi kallaðar að Fjarðarhöllinni á Reyðarfirði. Mikill snjór hafði runnið af þaki hallarinnar og talið var hugsanlegt að börn sem þar voru að leik hefðu orðið undir snjónum. Vel gekk að leita í snjónum umhverfis húsið og klukkustund eftir að útkallið barst var björgunarsveitarfólk búið að fínkempa svæðið og leita af sér allan grun.

Á Vestfjörðum féllu fá náttúruleg flóð en veikt lag fannst í snjógryfjum sem benti til snjóflóðahættu. Þann 21. settu fjórir fjallaskíðamenn af stað meðalstórt flekaflóð í Botnsdal í Súgandafirði. Þrír mannanna bárust með flóðinu sem var um 400 m breitt og einn þeirra slasaðist á hné.

Skammvinnur sunnan stormur gekk yfir landið þann 24. með hlýindum og rigningu í fjallahæð. Daginn eftir kólnaði með SV-átt, snjókomu og skafrenningi og féll nokkuð breitt flekaflóð úr fjallsbrúninni í Hlíðarfjall.

Apríl

Í byrjun apríl var enn snjólétt á landinu. Nánast snjólaust var ofan við Patreksfjörð, Tálknafjörð og Bíldudal og lítill snjór var á norðanverðum Vestfjörðum. Á Norðurlandi og Austfjörðum var sömuleiðis mjög snjólétt og enginn snjór að ráði fyrir en í nokkur hundruð metra hæð. Talsvert bætti á snjó í apríl sem var kærkomið fyrir skíðasvæði landsins og fólk sem stundar vetrarfjallamennsku.

Dagana 3–4. apríl gekk lægð yfir landið, fyrst með sunnanátt og hlýindum en svo snérist vindur í NA-átt með éljagangi. Margar votar spýjur og lítil flóð féllu á Vestfjörðum á hefðbundnum stöðum eins og Kirkjubólshlíð og Súðavíkurhlíð. Ekkert flóðanna náði þó inn á veg.

Þann 7. kom fjallaskíðahópur að snjóflóði í Botnsdal í Súgandafirði sem féll á sama stað og snjóflóðið sem hrifsaði með sér þrjá skíðamenn 21. mars. Flóðið féll á meðan hópurinn var á skíðum innar í dalnum.

Talsvert bætti á snjó á Vestfjörðum og Norðurlandi dagana fyrir páska og almennt var góð binding við eldri snjó á Vestfjörðum og Austfjörðum en staðbundnir veikleikar á Norðurlandi. Þann 13. féll stórt flóð undan skíðamönnum í vesturvísandi hlíð Vatnsendahnjúks og bárust tveir skíðamenn með flóðinu. Báðir skíðamennirnir virkjuðu loftpúðapoka sem þeir báru og sakaði ekki. Um svipað leyti féll lítill en þykkur fleki í skarðinu ofan Bungulyftu á Siglufirði. Þrálátir NA-éljabakkar voru á annesjum Norðanlands og oft tvísýnt með snjóflóðahættu á Siglufjarðarvegi og Ólafsfjarðarvegi. Engin flóð féllu á þessa vegi í mánuðinum en þann 14. féll hinsvegar snjóflóð á veginn um Hvalnesskriður og lokaði honum. Ekki er gert mat á snjóflóðahættu fyrir veginn um Hvalnesskriður.

Þann 17. gekk SA-stormur yfir landið með rigningu á láglendi en snjókomu til fjalla. Fá snjóflóð féllu í þessu veðri en þann 19. féllu nokkur lítil flóð á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum í kjölfar hlýinda.

Sumardaginn fyrsta þann 20. ríktu vetraraðstæður á landinu með SV-skafrenningi og éljum til fjalla og þéttum úrkomubökkum. Þessi nýi snjór var sérlega varasamur og við tók hrina snjóflóða af mannavöldum. Þann 21. féll um 300 m breiður og 1 m þykkur fleki undan fjalla-skíðamönnum í austur vísandi hlíð Selhnjúks inn af Dalvík. Fjallaskíðamenn settu af stað fleiri snjóflóð á Norðurlandi en enginn slasaðist í þessum flóðum. Fréttir bárust af litlum flekaflóðum sem vélsleðar settu af stað á hálendinu helgina 22–23. apríl.

Þann 23. apríl slasaðist maður í snjóflóði í Esjunni. Flóðið féll í þröngu og bröttu gili í Rauðhamri sem er klettabelti ofarlega í fjallinu og utan merktra gönguleiða. Maðurinn hafði gengið af sjálfsdáðum langleiðina að gönguleiðinni við Rauðhól þegar hann fannst. Var þetta annað alvarlega snjóflóðaslysið þennan vetur í Esjunni og áminning um það að Esjan er alvöru fjall sem ferðast þarf um með gát.

Mái

Hlýtt var í maí og tíðindalítið á snjóflóðavaktinni. Einungis sex snjóflóð eru skráð þennan mánuð, ein aurskriða og eitt grjóthrun.

Þann 2. barst tilkynning um vott flekaflóð sem féll ofarlega í Hlíðarhrygg í Hlíðarfjall. Tunga flóðsins náði aðeins niður í Suðurdalinn en stöðvaðist þó vel fyrir ofan merкта skíðaleið.

NA-vorhret gerði dagana 10–11. maí en engin snjóflóð eru skráð þessa daga

Gefin var út almenn viðvörðun um skriðuhættu á Austfjörðum í kjölfarið á miklu vatnsveðri dagana 12–15. maí. Þriggja sólarhringa uppsöfnuð úrkoma á Neskaupstað fór vel yfir 300 mm og þar mældist úrkomuákefðin einnig mest eða um 22,1 mm/klst. Úrkoman féll sem snjór í fjöllum til að byrja með sem hefur líklega valdið því að lækir og ár héldust að mestu í farvegum sínum og ollu ekki vandræðum. Ein lítill aurskriða er skráð í þessu veðri sem féll fyrir ofan byggðina á Eskifirði þann 13. Vegna framkvæmda í farvegi Ljósár hafði vatni úr ánni og nærliggjandi lækjum verið veitt yfir í Hlíðarendará. Svo virðist sem rör sem átti að taka við vatni úr einum lækjanna hafi ekki ráðið við vatnsmagnið sem tók að flæða niður gildrag þar sem jarðvegur mettaðist og hljóp fram.

Maður slasaðist á fæti vegna grjóthruns í Læknisstaðarbjargi á Langanesi þann 16. maí þegar hann var að síga eftir svartfuglseggjum. Björgunarsveitir komu manningnum til aðstoðar sem hafði fótbrotnað.



Mynd 3. Aurskriðan sem féll í Þófalæk á Seyðisfirði aðfaranótt 24. júní. Aur og drulla fór inn í kjallara hússins sem er á miðri mynd.

Júní

Gefin var út almenn viðvörðun um skriðuhættu á Austfjörðum í NA-hvassvirðri dagana 23-25. júní. Miklir vatnavextir urðu í þessu veðri og voru ár og lækir víða í foráttuvexti. Í Vopnafirði féllu litlar skriður sem ollu engu tjóni. Á Seyðisfirði féllu fjórar skriður í firðinum að sunnanverðum. Stærsta skriðan í þessari hrinu féll úr Þófalæk í Strandartindi, en skriðan hafnaði á tveimur húsum og olli töluverðu tjóni. Engin var í þessum húsum sem höfðu verið rýmd kvöldið áður. Hús voru einnig rýmd í kringum Búðará sem var í foráttuvexti og heyra mátti mikla dynki í Búðarárfossi þegar grjót barst niður ána.

Í Neskaupstað urðu miklir vatnavextir og hljóp Skjónulækur og í Mjóafirði féll lítil skriða niður á veg. Á Eskafirði varð tjón þegar Hlíðarendaá hljóp í miklum vatnavöxtum og mikill framburður kom niður með ánni, en vegna framkvæmda í farvegi Ljósár hafði vatni verið veitt yfir í farveg Hlíðarendaár. Ár flæddu víða yfir bakka sína en helst ber að nefna flóðin í Fjarðará og Dagmálalæk á Seyðisfirði sem ollu nokkru tjóni.

Júlí

Engin ofanflóð voru skráð í júlímánuði en miklar sprungur uppgötvuðust í Litlahöfða á Dómadalsleið þar sem stór bergfylla hafði sigið fram.

Ágúst

Ekki bar mikið til tíðinda í ágústmánuði og engin ofanflóð skráð.

3. Snjóflóðayfirlit og vöktun snjóflóðahættu

3.1 Skráning snjóflóða

Frá 1. september 2016 til 1. september 2017 eru skráðar 395 snjóflóðafærsla í ofanflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands. Í sumum tilfellum geta verið nokkur snjóflóð í sömu skráningunni en þetta á sérstaklega við um litlar spýjur og ómerkileg flóð. Ef nægar upplýsingar eru til um stærri og merkilegri flóð eru útlínur flóðanna teiknaðar í gagnagrunn Veðurstofunnar. Yfirleitt eru ekki teiknaðar útlínur á flóðum sem eru minni en 2 á stærð nema að flóðið teljist sérstakt á einhvern hátt. Veturinn 2016–2017 voru teiknaðar útlínur fyrir 146 snjóflóð. Tafla 1 sýnir heildar fjölda snjóflóða þennan vetur og næstu tvo vetur á undan og jafnframt hversu mörg flóð af hverri tegund féllu. Taflan sýnir ágætlega hversu rólegur veturinn var m.t.t. snjóflóða.

Tafla 1. Fjöldi snjóflóðaskráninga og gerð snjóflóða veturinn 2016–2017 og næstu tvo vetur á undan. Neðst í töflunni er sýnt hve mörg flóð voru af stærð 3 eða stærri.

	2014 – 2015	2015 – 2016	2016 – 2017
Snjóflóð	68	59	33
Þurr flekahlaup	242	358	209
Vot flekahlaup	77	124	45
Flekahlaup	30	39	35
Þurr lausasnjóflóð	37	25	20
Vot lausasnjóflóð	79	67	43
Lausasnjóflóð	7	3	5
Krapaflóð	5	33	5
Alls	545	708	395
Flóð af stærð 3 eða stærri	31	50 (þar af tvö flóð af stærð 4)	5

3.2 Snjóflóðahrinur vetrarins

Í gagnagrunn Veðurstofunnar eru skilgreindar hrinur snjóflóða þegar ástæða þykir til. Þá er átt við mörg snjóflóð sem falla í sama veðrinu yfir nokkurra daga tímabil og yfirleitt í sama landshlutanum. Þennan vetur voru skráðar 9 snjóflóðahrinur.

Table 1. Snjóflóðahrinur vetrarins.

Tímabil	Svæði	Fjöldi snjóflóða	Lýsing
24–26.12.2017	Ólafsfjörður og Dalvík	6	Nokkur þurr flekaflóð féllu í fjöllum umhverfis Ólafsfjörð og Dalvík í NA-hvassviðri og snjókomu. Snjóflóð féll einnig á Ólafsfjarðarveg úr farvegi 38 og lokaði honum.
27.12.2016	Vestfirðir	8	Votar spýjur féllu víða á Vestfjörðum í kjölfarið á sunnan hlýindum og rigningu. Tvö krapaflóð féllu einnig við Botn í Súganafirði. Nokkur snjósöfnun hafði verið í fjöllum í NA-átt yfir jólahátíðirnar.
23/24.2.2017	Hlíðarfjall, Dalvík og nágrenni	7	Nokkur þurr flekaflóð féllu í Hlíðarfjalli í SA-hvassviðri og talsverðum skafrenningi í fjallatoppum. Flekaflóð féllu einnig í austanverðum Svarfaðardal og Karlsárdal. Eitt flóð féll af mannavöldum í Suðurdalnum í Hlíðarfjalli.
24–27.02.2017	Vestfirðir	17	Lítill þurr flekaflóð féllu við Patreksfjörð og á norðanverðum Vestfjörðum í A-hvassviðri og snjókomu til fjalla.
14/15.3.2017	Galmaströnd og Dalvík	10	Nokkur þurr flekaflóð féllu á Galmaströnd og í fjöllum umhverfis Dalvík, öll í A-vísandi hlíðum. Um 1 km breitt flóð féll í Böggvisstaðarfjalli.
19–21.3.2017	Utanverður Tröllaskagi og Flateyjarskagi	38	Þurr flekaflóð féllu í Skútudal, Gvendarskál, Burstabrekkudal, Svarfaðardal og Flateyjar-skaga. Sum flóðanna voru breið. Nokkur flóð sáu 20.3. en þá var fremur lélegt skyggni lengst af. Þann 21.3. birti upp og þá sáu víða flóð í sólinni sem ekki er ljóst hvort voru fallin daginn áður.
23–27.3.2017	Tröllaskagi	50	Flekaflóð féllu víða á Tröllaskaga í kjölfarið á S-V stormi dagana 23–27.3. Rigning og slydda var í byggð en snjócoma og skafrenningur til fjalla.
3–7.4.2017	Norðanverðir Vestfirðir	28	Lítill vot flekaflóð féllu á þekktum stöðum á norðanverðum Vestfjörðum. Ríkjandi austlægar áttir voru 3–7.4 og nokkra gráðu hiti á láglandi.
27.4.–1.5.2017	Tröllaskagi	8	Fjölmörg vot flekahlaup að stærð 2–2,5 féllu um leið og tók að hlýna 27.4. en þau virtust hafa haldið áfram að falla næstu daga á eftir. Fyrst úr NA-vísandi brekkum en sáu 3.5. úr A- og N vísandi hlíðum einnig.

3.3 Óvissustig og rýmingar

Veturinn 2016–2017 var óvenjulegur að því leyti að aðeins einu sinni var lýst yfir óvissustigi vegna ofanflóðahættu í byggð. Vegna mikils fannfergis á Suðurlandi var lýst yfir óvissustigi vegna snjóflóðahættu á Kirkjubæjarklaustri þann 23. mars kl 9:15 sem var aflýst kl 20:30 sama dag. Aldrei var lýst yfir hættustigi með tilheyrandi rýmingu húsnæðis þennan vetur.

3.4 Snjóflóð á vegi

Í gagnagrunni Veðurstofunnar er skráð að ofanflóð loki vegi ef það fellur yfir þjóðveg eða aðra vegi og vegslóða sem almenningur notar til að komast á milli staða. Ofanflóð sem falla á vegi og vegslóða sem eru ekki í almennri notkun fá ekki þessa merkingu í gagnagrunninum.

Veturinn 2016–2017 var einnig mjög óvenjulegur þegar þessi flóð eru skoðuð. Einungis fjögur snjóflóð og tvær aurskriður lokuð vegum landsins þennan vetur, en til samanburðar þá féllu 85 ofanflóð á vegi veturinn 2015–2016. Þennan vetur féll ekkert snjóflóð á veginn um Súðavíkurhlíð þannig að hann lokaðist en algengt er að nokkrir tugir flóða falli á þennan veg hvern vetur. Eitt lítið flóð féll í farvegi 4 á Súðavíkurhlíð aðfaranótt 26. desember þar sem tunga flóðsins náði inná veginn en lokaði honum ekki. Sumarið 2016 voru reist tvö stálpil í farvegum 1, 2 sem eiga að stöðva stóran hluta flóða úr þessum giljum. Ekki reyndi á hin nýju mannvirki þennan vetur.

Snjóflóðavakt Veðurstofunnar gerir snjóflóðaspá fyrir þrjá vegi á landinu en það er vegurinn um Kirkjubóls- og Súðavíkurhlíð milli Ísafjarðar og Súðavíkur, Siglufjarðarvegur og Ólafsfjarðarvegur. Talsverð umferð fólks til og frá vinnu og annarra erinda, er um þessa þrjá vegi og eru snjóflóðaspárnar gerðar fyrir Vegagerðina sem metur í framhaldi af því hvort gripið er til ráðstafana. Tafla 2 sýnir fjölda flóða sem lokuðu þessum þremur vegum veturinn 2016–2017. Til samanburðar eru einnig birtar tölur fyrir veturinn 2015–2016.

Tafla 2. Fjöldi snjóflóða sem lokuðu vegum á þeim svæðum þar sem Veðurstofan gefur út snjóflóðaspá.

	2015–2016	2016–2017
Súðavíkur- og Kirkjubólshlíð	24	0
Siglufjarðarvegur	16	1
Ólafsfjarðarvegur	5	1

Tafla 3 sýnir lista yfir allar ofanflóðaskráningar fyrir flóð (snjóflóð, aurskriður og grjóthrun) sem féllu yfir vegi landsins veturinn 2016–2017 í rétttri tímaröð.

Tafla 3. Ofanflóð veturinn 2016–2017 sem féllu yfir vegi og lokuðu þeim. Ekki er tiltekin stærð á aurskriðum eða grjóthruni.

Flóð	Dagsetning	Stærð	Farvegur	Lýsing
54149	12.10.2016		Arnarfjörður, norðanverður	Aurskriða féll úr Sandeyrargili í norðanverðum Arnarfirði um 3,3 km fyrir innan heimreið að Hrafseyri. Skriðan lokaði vegi og um 200 rúmmetrar efnis voru í vegrás og á vegi.
52416	24.12.2016	2	Ólafsfjarðarvegur farv. 38	Snjóflóð féll yfir Ólafsfjarðarveg og lokaði honum. Flóðið var um 1 m þykkt og 6 m breitt á veginum.
53718	27.12.2016	1,5	Súgandafjörður sunnanverður	Krapaflóð féll við bæinn Botn í Súgandafirði. Flóðið fór yfir veginn og lokaði honum.
53746	11.1.2017	2	Miðstrandargil	Snjóflóð féll í Miðstrandargili og lokaði Siglufjarðarvegi.
53780	9.2.2017		Vattarnesskriður	Skriða féll á veginn um Vattarnesskriður og lokaði honum.
54049	14.4.2017	2	Hvalnesskriður	Snjóflóð féll á veginn um Hvalnesskriður svo hann lokaðist um tíma en var fljótlega ruddur aftur. Flóðið var 6 m breitt og 1,5 m þykkt á vegi.

3.5 Snjóflóð af mannavöldum

Þennan vetur eru skráð 36 snjóflóð af mannavöldum. Eitt maður lést í snjóflóði þennan vetur og fjórir slösuðust. Í öllum þessum tilfellum fóru flóðin af stað af mannavöldum. Tafla 4 sýnir öll flóð af mannavöldum þennan vetur.

Tafla 4. Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2016–2017. G: Göngumaður, S: Skíðamaður V: Vélsleði, T: Snjótroðari, M: Af mannavöldum/ótilgreint.

Flóð	Dagsetning	Farvegur	Stærð	Orsök	Lýsing
53747	14.1.2017	Mannshryggur, suðurhluti, nær skíðalyftu	1,5	S	Brettamenn settu af stað snjóflóð norðan við Norðurbakka. Flekinn var um 50 cm þykkur og rann um 50 m. SV-skafrenningur var nóttina áður og 8 stiga frost um morguninn..
53762	28.1.2017	Miðhálandið	1,5	V	Flekaflóð féll undan vélsleða í S-vísandi hlíð í 650 m hæð skammt frá Eyjafjallajökli. Engan sakaði.
53760	28.1.2017	Esja	2	G	Þrír göngumenn lentu í snjóflóði ofarlega í Grafardal. Einn þeirra lést en hinir slösuðust.
53786	24.2.2017	Hlíðarhryggur	2	T	Flekaflóð féll í Suðurdalnum í Hlíðarfjalli, líklega af völdum troðara sem var að troða brekkuna.

Framhald á næstu síðu

53785	24.2.2017	Hlíðarhryggur	2	S	Flekahlaup féll undan þremur skíðamönnum yst í Suðurdalnum í Hlíðarfjalli. Allir lentu í flóðinu, einn renndi sér út úr því og hinir fóru langleiðina niður með flóðinu. Allir sluppu ómeiddir og enginn grófst. Í tungunni voru mjög stórir kögglar um 140 cm þykkir. Flóðið fór rúma 200 m og endaði í botni Suðurdalsins.
53824	1.3.2017	Innan Gullhólsgils	1,5	S	Snjóbrettamenn settu af stað flekahlaup í fjallsbrúninni innan við Gullhólsgil.
53827	1.3.2017	Korpudalur	2,5	V	Vélsleði kom af stað þykkum fleka í Heiðarfelli. 1,5–2 m brotstál var í fjallsbrúninni í VSV-vísandi hlíð.
53836	4.3.2017	Flateyjardalur	2	V	Fleki brast undan vélsleða í SSA-vísandi hlíð í dalbotni í Flateyjardal. Brotstálið var um 50 cm hátt og 40–60 m breitt.
53865	15.3.2017	Í Fjörðum	1,5	S	Skíðamaður stóð á hengju í N-vísandi skál í Trölladal þegar flekaflóð féll fyrir neðan hann. Líklega hefur flekinn brostið vegna fjarbrots og á gröfnu yfirborðshrími.
53877	16/17.3.2017	Vatnsendahnjúkur	1,5	S	Lítið flekaflóð féll í Vatnsendahnjúk. Skíðaför voru meðfram flóðinu og hafa skíðamenn því mögulega sett flóðið af stað.
53876	17.3.2017	Lágheiði-vestur	1,5	S	Þyrluskiðafólk setti af stað lítið flekaflóð. Flóðið fór af stað sem fjarbrot.
53887	17/18.3.2017	Bláfjöll - skíðasvæði	1	V	Lítill fleki brast í lágri brekku á milli vegarins uppí Eldborgargils og Drottningargils. Er utan venjulegra skíðaleiða, en þarna eru menn stundum á vélsleðum, auk þess sem sést hefur til fólks á snjóbotum og sleðum þarna. Mikið af sleðaförum sáust við flóðið og þvert yfir upptakasvæðið og því er flóðið líklega af mannavöldum.
53878	18.3.2017	Árdalur	1,5	S	Lítið flekaflóð féll í Bangsahnjúk þegar skíðahópur var á svæðinu. Rann flóðið hratt framhjá hópnum sem hefur líklega komið flóðinu af stað.
53886	19.3.2017	Svæðið milli Eldborgargils og Draumadals, undir Hákolli	2	V	Fleki brast við sleðaleiðina uppá Hácoll, rétt sunnan Draumadals í Bláfjöllum. Mikið af sleðaförum voru við flóðið og yfir upptakasvæðið og því mögulega af mannavöldum.
53883	19.3.2017	Reithólar	1	S	15 m breiður fleki féll undan skíðamanni í brattri S-vísandi brekku í Smugunni í Reithólum. Veikt lag var ofaná hjarni.
53898	21.3.2017	Hesteyrarfjörður	2,5	S	Stór fleki féll í Kjaransvíkurskarði í botni Hesteyrarfjarðar. Líklega fjarbrot frá skíðamönnum.
53928	21.3.2017	Landmannalaugar og nágrenni	1,5	V	Nokkur lítið flekaflóð féllu undan vélsleðum í Jökulgili í Landmannalaugum


Framhald á næstu síðu

53906	21.3.2017	Illviðrishnjúkur neðan skálar	2	S	Tveir snjóþremmáttmenn settu snjóflóð af stað í nyrst í skálinni neðan við Grashólabrún. Mennirnir grófust að hluta og annar mannanna virkjaði ABS loftpúða þokann sinn. Komust mennirnir af sjálfsdáðum úr flóðinu og sluppu ómeiddir.
53907	21.3.2017	Súgandafjörður	2,5	S	Fjórir fjallaskíðamenn settu flekaflóð af stað í Botnsdal. Þrír lentu í flóðinu og einn slasaðist. Flóðið fór af stað í brattri hlíð beint fyrir ofan gangamunnann í Súgandafirði.
53970	21.3.2017	Vaðlaheiði	1,5	V	Um 50 m breiður og 25 cm þykkur fleki brast undan vélsleða í stuttri brekku vestan í Leifsstaðafelli.
53931	22.3.2017	Karlsárdalur	1,5	S	Flekahlaup féll úr Hrafnabjargahnjóti er skíðamenn renndu sér í um 300 m fjarlægð frá brekkurótum fjallsins.
53967	28.3.2017	Siglufjörður, utan þéttbýlis	1	S	Lítill spýja féll undan skíðamanni við Siglufjörð.
54040	10.4.2017	Tröllaskagi	1,5	S	Spýja féll að öllum líkindum undan skíðamönnum í Bangsahnjúki.
54039	10.4.2017	Fljót	1,5	S	Skíðamenn settu af stað flekaflóð í Fljótum á Tröllaskaga
54046	13.4.2017	Vatnsendahnjúkur	3	S	Skíðamenn settu af stað flekaflóð í Vatnsendahnjúki. Tveir skíðamenn renndu sér niður bratta vestur vísandi hlíð með stuttu millibili. Fleki brast undan fyrri skíðamanninum og skömmu seinna brast annar fleki á dýpri veikleika undan þeim síðari. Engan sakaði.
54042	13.4.2017	Háabrún	1	S	Lítill fleki féll undan skíðamanni vestan við Sandfellslyftu í Tungudal.
54058	19.4.2017	Ólafsfjörður, dreifbýli	1,5	M	Spýja féll í austurhlíðum Múlakollu. Skammt frá var maður að renna sér á rúmdýnu og líklegt að flóðið hafi farið af stað sem fjarbrot.
54069	21.4.2017	Leyningsbrúnir	1,5	V	Lítill fleki brast undan vélsleða í Leyningsbrúnum.
54087	21.4.2017	Landmannalaugar og nágrenni	1,5	V	Lítill fleki brast undan vélsleða í Jökulgili norðan við Hattver.
54072	21.4.2017	Tungudalur	2	S	Skíðamenn komu af stað um 570 m breiðum fleka í A-hlíð Selhnjúks í Tungudal yst á Upsadal. Um 1,8 m háir kögglar voru í flóðinu en engan sakaði.
54070	21.4.2017	Landmannalaugar og nágrenni	2	V	Sleðamenn komu af stað snjóflóði rétt við Höskulds-skála í Hrafninnuskeri.
54086	23.4.2017	Þórisjökull	2	V	Snjóflóð féll undan vélsleða í austurhlíð Þórisjökuls vestur af Slunkaríki.
54075	23.4.2017	Esja	1,5	G	Maður slasaðist í snjóflóði í Esjunni.
54083	24.4.2017	Hólsdalur	2	S	Snjóflóð féll í Blekkilsskál, líklega sett af stað af skíðamönnum.
54082	24.4.2017	Arnfinnur 6	1,5	S	Spýja féll í Arnfinnsfjalli við Ólafsfjörð, líklega undan fjallaskíðamönnum.
54084	24.4.2017	Böggvisstaðafjall	1,5	V	Snjóflóð féll undan vélsleða við brún Böggvisstaðafjalls sunnan til og fór stutt niður


3.6 Snjódýptarmælingar

Snjódýpt er mæld í hlíðum ofan bæja þar sem snjóflóð geta ógnað byggð. Að neðan eru þrjú snjódýptarlínurit frá mismunandi svæðum sem gefa ágætis mynd af snjósöfnun vetrarins. Um er að ræða lóðrétt snjósöfnun sem lesin er af stikum sem komið er fyrir í hlíðum ofan bæjanna. Haustið var milt og snjólaust var í fjöllum fram í miðjan nóvember. Þá gerði veturinn vart við sig sem kemur vel fram á snjóstikum ofan við Súðavík og Neskaupstað en gögn vantar frá Siglufirði fyrir þetta tímabil. Pennan fyrsta snjó vetrar tók upp að miklu leyti í byrjun desember en svo jókst snjódýpt á öllum stöðum í lok desember og byrjun janúar. Fyrri hluti vetrar var mildur og lítið um illviðri. Um miðjan febrúar var orðið snjólaust í fjöllum neðan við miðjar hlíðar og mikið hafði tekið upp ofar sem kemur vel fram á snjódýptarlínuritunum frá Súðavík, Siglufirði og Neskaupstað. Seinni hluti vetrar tók aftur að bæta á snjó á flestum stikum og náði snjódýpt hámarki í apríl víðast hvar.


Í viðauka I eru línurit frá öllum þeim stöðum þar sem snjódýpt er lesin af stikum.



Mynd 4. Snjódýpt ofan Súðavíkur vetrinn 2016–2017. Hæð stika ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 5. Snjódypt ofan Siglufjarðar veturinn 2016 – 2017. Hæð stika ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 6. Snjódypt í Tröllagili ofan Neskaupstaðar veturinn 2016 – 2017. Hæð stika er tilgreind aftan við stikunafn.

4. Helstu snjóflóð vetrarins

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir nokkrum markverðum flóðum vetrarins. Margir ólíkir þættir eru skoðaðir til að meta hvort flóð telst markvert. Flóð sem valda tjóni teljast alltaf markverð. Stórt snjóflóð þarf hinsvegar ekki endilega að teljast markvert ef það fellur í þekktum snjóflóðafarvegi þar sem stór snjóflóð er tíð. Snjóflóð sem fellur á óvenjulegum stað gæti hinsvegar talist markvert þó að það sé ekki stórt. Hverju flóði fylgir kort sem sýnir útlínur eða staðsetningu flóðsins ef útlínur eru ekki til.

- Útlínur snjóflóða mældar
- Útlínur snjóflóða öruggar
- - - Útlínur snjóflóða óvissar
- - - - Útlínur snjóflóða ónákvæmar


Mynd 7. Mismunandi nákvæmni á útlínum snjóflóða.

Veðuraðdragandi snjóflóðanna var skoðaður eins og hann mældist á sjálfvirkum veðurstöðvum. Fyrir hvert flóð eru línurit sem sýna hitastig, uppsafnaða úrkomu, vindhraða og vindátt dagana áður en flóðið féll. Valdar voru veðurstöðvar sem voru næstar umræddum flóðum til þess að fá sem besta mynd af veðuraðdragandanum. Veðurstöðvarnar gefa þó aðeins vísbendingar um veðrið á þeim stað þar sem snjóflóðið féll vegna áhrifa frá landslagi, fjarlægð veðurstöðva frá viðkomandi flóði o.fl. Fjalllendi hefur mikil áhrif á vindstyrk og vindátt og þess vegna eru þessir veðurþættir oft sóttir í veðurstöðvar sem geta verið í talsverðri fjarlægð frá flóðinu. Landslag og fjöll hafa einnig mikil áhrif á úrkoma og má gera ráð fyrir að úrkoma hafi verið talsvert meiri á upptakasvæðum flóðanna en línuritin sýna. Ef nákvæm tímasetning er til fyrir tiltekið flóð er það teiknað sem græn lóðrétt lína. Ef nákvæm tímasetning er ekki til, er tímabilið sýnt sem grænt bil.

4.1 Esja 28. janúar

Númer	53760	Tegund	Purrt flekaflóð	Stöðvunarst.	420 m
Dags	28.1.2017	Stærð	2	Þykkt tungu	1 m
Tími	16:40	Upptök	699 m	Breidd tungu	6 m


Laust fyrir klukkan 17:00 þann 28. janúar féll snjóflóð undan þremur mönnum í Grafardal í Esjunni er þeir voru á göngu í fjallinu. Tveir manna slösuðust í flóðinu en náðu að hringja í neyðarlínunna og gera viðvart. Í fyrstu var ekki vitað hvar þriðji maðurinn var og hófst umfangsmikil leit björgunarsveitarmanna þegar í stað. Á áttunda tímanum fann snjóflóðaleitarhundur þriðja manninn spölkorn frá flóðtungunni. Lést hann af áverkum sem hann hlaut eftir fall niður hlíðina, yfir stórgrýti og litla kletta. Þyrla Landhelgisgæslunnar flutti mennina tvo sem tilkynntu um flóðið á slysadeild.




Flóðið féll ofarlega í þröngu gili og var brotstálið um 70 cm þykkt og um 15 m breitt. Flóðtungan var rúmlega 2 m þykk þar sem hún var þykkust. Annað lítið flóð féll úr klettabeltinu austan við mennina og var ekki vitað með vissu í hvoru flóðinu mennirnir höfðu lent sem torveldaði leit björgunarsveitarmanna. Maðurinn sem lést barst niður bratta fjallshlíðina austan við gilið og flóðtunguna. Lítil snjór var í fjallinu og víða stórgrýtisurð og litlir klettar. Kortið af flóðinu sýnir útlínurnar tvær og staðinn sem hinn látni fannst. Gönguleiðin uppá Hátind er merkt með brúnni punktalínu.

Veðuraðdragandi

Vikuna á undan tók mikið upp af snjó en 26 janúar frysti og snjóaði fyrst í hægri austan átt og snéri svo í norðanátt með lítilli snjókomu. Brotstálsgrýfja sýndi brattan hitastigul og kantaða snjókristalla í brotflatinum sem var undir snjónum frá 26 jan.



Mynd 8. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Grafardal í Esju, 28. janúar. Línuritinn sýna hitastig og úrkomu í Reykjavík og vind á Skálafelli.



Mynd 9. Útlínur snjóflóðsins í Esjunni 28. janúar. Gönguleiðin uppá Hátind liggur eftir hryggnum sem ber við himinn. Göngumennirnir þrír settu flóðið af stað í þrönga gilinu vinstra megin á myndinni en annað lítið flóð var austan við þá. Rauði krossinn sýnir hvar hinn látni fannst. Ljósmynd: Gísli Símonarson




Mynd 10. Horft niður eftir flóðtungunni sem var mjó en nokkuð þykk á köflum. Ljósmynd: Ágúst Þór Gunnlaugsson

4.2 Botnsdalur 21. mars

Númer	53907	Tegund	Purrt flekaflóð	Stöðvunarst.	120 m
Dags	21.3.2017	Stærð	2,5	Þykkt tungu	0,6 m
Tími	17:00	Upptök	340 m	Breidd tungu	180 m



Snjóflóð féll í SV-hlíð Botnsdals beint ofan við gangamunnann þegar fjórir fjallaskíðamenn renndu sér niður hlíðina. Voru mennirnir staddir ofarlega í brekkunni á smá stelli þegar þrír úr hópnum renndu sér af stað með stuttu millibili. Tveir mannanna skíðuðu beint niður en sá þriðji skar brekkuna til norðurs. Fjórði maðurinn sem stóð kyrr sá flekann bresta rétt fyrir neðan sig, fljótlega eftir að félagar hans höfði rennt sér af stað, en nokkrum sekúndum seinna brast flekinn sem hann stóð á sömuleiðis. Sá sem renndi sér fyrstur af stað náði að renna sér undan flóðinu og til suðurs uppá lítinn hól en hinir þrír bárust allir með flóðinu. Tveir mannanna náðu að losa sig úr flóðinu sjálfir en sá sem renndi sér til norðurs barst lengst með flóðinu og stöðvaðist um 50 m frá gangamunnanum. Slasaðist hann á fæti og grófst að hluta. Félagar hans komu honum til aðstoðar og gerðu lögreglu viðvart.




Botnsdalur er vinsælt fjallaskíðasvæði en algengast er að fólk renni sér niður innar í dalnum þar sem bratti er minni. Upptakahalli flóðsins var um 35° og talsvert af litlum klettum.

Veðuraðdragandi


Austlægar áttir voru ríkjandi dagana áður en flóðið féll og nokkuð hvasst á Þverfjalli 19–20. mars. Daginn sem flóðið féll var hæg vestlæg átt, gott veður og nokkuð af nýsnævi. Mjög veikt lag hafði sést í gryfjum á norðanverðum Vestfjörðum dagana á undan.



Mynd 11. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Botnsdal í Súgandafirði 21. mars. Línuritir sýna hitastig og úrkomu á Ísafirði og vind á Þverfjalli.



Mynd 12. Útlína snjóflóðsins í Botnsdal. Bláa línan sýnir hvar mennirnir skíðuðu niður. Náttúrulegt flekafloð í Kistufelli var fallið þegar mennirnir gengu upp og er merkt með brotinni línu.




Mynd 13. Brotstálgryfja snjóflóðsins í Botnsdal. Flóðið brast á veiku lagi milli gamla snævarins og nýrri vindfleka á um 48 cm dýpi.

4.3 Esja 23. apríl


Númer	54075	Tegund	Þurrt flekaflóð	Stöðvunarst.	630 m
Dags	23.4.2017	Stærð	1,5	Þykkt tungu	0,5 m
Tími	12:45	Upptök	720 m	Breidd tungu	28 m

Þann 23. apríl féll snjóflóð undan manni sem var einn á göngu í Esjunni. Flóðið féll í brattri hlíð við Rauðhamra um 2 km austan við hefðbundna gönguleið uppá Þverfellshorn. Lítil snjór var í grýttri fjallshlíðinni og slasaðist maðurinn nokkuð. Náði hann að ganga að sjálfsdáðum langleiðina að gönguleiðinni við Rauðhól þar sem göngufólk kom honum til aðstoðar. Snjólaust var neðan 400 m en nýlegur vindfleki var ofarlega í fjöllum eftir vestan skafrenning dagana áður.




Veðuraðdragandi

Ríkjandi vestlægar áttir voru 19–22. apríl. Í Reykjavík mældist rúmlega 5mm úrkoma á þessu tímabili og má gera ráð fyrir að hún hafi verið meiri til fjalla. Nokkuð hvasst var 19–20. apríl og skafrenningur til fjalla. Brostálsgrýfja sýndi að flóðið féll í nýlegum skafsnojó sem lá ofaná harðari gömlum snjó.



Mynd 14. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Esju 23. apríl. Línuritín sýna hitastig og úrkomu í Reykjavík og vind á Skálafelli.



Mynd 15. Útlínur snjóflóðsins við Rauðhamra í Esjunni. Rauða línan sýnir hvar fótspor mannsins fundust.



Mynd 16. Snjóflóðið við Rauðhamra var ekki stórt en féll niður grýtta og snjólitla fjallshlíð.

Heimildir

Snjóflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands.

Bloggsíða snjóflóðavaktar VÍ: <http://blog.vedur.is/snjoflod/>

Trausti Jónsson (2016). Tíðarfarsyfirlit 2016 og 2017. Sótt 22.8.2017 af

<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2016>

<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2017>







Fréttavefur RÚV:

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/03/19/talid_hugsanlegt_ad_born_vaeru_undir_snjonum/


Snjóflóðatilkynningar: <https://www.facebook.com/groups/129168050599372/>

Viðauki I. Snjódýptarmælingar


Línrit fyrir allar snjódýptarmælingar sem lesnar voru af stikum veturinn 2016–2017




Ólafsfjörður 2016/2017




Seyðisfjörður - Bjölfur fjærathugun 2016/2017




Seyðisfjörður - Bjölfur nærathugun 2016/2017




Seyðisfjörður - Botnar/Strandartindur 2016/2017







Neskaupstaður - Bakkagil 2016/2017



Neskaupstaður - Bræðslugjár 2016/2017





Viðauki II. Skráð snjóflóð veturinn 2015–2016

Skýringar við annál

Annállinn inniheldur öll snjóflóð sem voru skráð í gagnagrunn Veðurstofunnar veturinn 2015–2016. Í annálnum er að finna nokkrar helstu breytur úr gagnagrunninum og eru þær útskýrðar nánar hér.

Farvegur: Öll flóð eru skráð í fyrirfram skilgreinda farvegi.

Dagsetning: Oftast er um nákvæma dagsetningu að ræða en stundum er ekki vitað nákvæmlega hvenær flóðið féll og er þá líklegasta tímabilið skráð.

Númer: Öllum flóðum er gefið auðkennisnúmer.

Tegund: S=ótilgreind tegund snjóflóðs; L=lausasnjóflóð; F=flekaflóð; K=krapaflóð. Ef stafirnir „F“ og „L“ hafa lágvísinn „v“ (t.d. „Fv“) þá er um vott flóð að ræða, annars þurrt.

Stærð: Snjóflóð eru flokkuð í stærðir með hliðsjón af kanadíska flokkunarkerfinu. Stærðarflokkarnir eru frá 1–5. Stærri flóð en 4 eru mjög sjaldgæf.

Lengd/breidd/dýpi: Lárétt lengd flóðsins frá upptökum til stöðvunarpunkts, meðalbreidd tungu og meðaldýpi í tungu (táknað „Le/Br/Dp“ í töfluhátt og gefið upp í metrum).

Skráð ofanflóð veturinn 2016/2017

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Reykjavík og nærsveitir					
Esja	28.1.2017	53773	F / 1.5	- / 30 / -	Lítið snjóflóð féll í Grafardal í Esju. Flóðið féll á svipuðum stað og tíma og annað flóð sem þrír menn lentu í og einn lést.
Esja	28.1.2017	53760	F / 2	620 / 6 / 1	Þrír göngumenn lentu í snjóflóði ofarlega í Grafardal í Esju. Flóðið fór af stað ofarlega í þröngu og bröttu gili skammt austan við gönguleiðina uppá Hátind. Einn þeirra féll niður grýtta fjallshlíðina og lést. Himir tveir slösuðust.
Stór hvílt efst í Eldborgargili	8/9.2.2017	53779	Fv / 1.5		Lítið flekaflóð féll í Eldborgargili í Bláfjöllum.
Mosfellsbær	26.2.2017	53801	L / 1		Lausaflóðsspýja féll í Mosfellsbæ.
Esja	26.2.2017	53800	L / 1		Spýja féll í Esjunni.
Brekkurnar norðan Draumadals, allt að Rauðuhnjúkum	26.2.2017	53799	F / 1		Lítill fleki féll norðan Draumadals.
Brekkurnar norðan Draumadals, allt að Rauðuhnjúkum	28.2.2017	53820	F / 1.5	- / 100 / -	Lítið flekaflóð féll norðan Draumadals í Bláfjöllum.
Bláfjöll - skíðasvæði	11.3.2017	53850	S / 1		Spýjur féllu í vestur vísandi brekkum á Bláfjallasvæðinu.
Bláfjöll - skíðasvæði	17/18.3.2017	53887	F / 1		Lítill fleki brast í lágri brekku á milli vegarins upp í Eldborgargil og Drottningargil í Bláfjöllum. Flóðið féll utan venjulegra skíðaleiða, en þarna eru menn stundum á vélsleðum. Mikið af sleðaförum sáust við flóðið og þvert yfir upptakasvæðið og því er flóðið líklega af mannavöldum.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Drottningargil í Bláfjöllum	18.3.2017	53997	S / 1	- / 30 / 1	Spýja féll norðan við Drottningargil í Bláfjöllum.
Svæðið milli Eldborgargils og Draumadals, undir Hákoli	19.3.2017	53886	F / 2		Fleki brast við sleðaleiðina upp á Hákoll, rétt sunnan Draumadals í Bláfjöllum. Mikrið af sleðaförum voru við flóðið og yfir upptakasvæðið og því er flóðið mögulega af mannavöldum.
Ingólfssjall	21.3.2017	53929	F / 2	- / 30 / -	Lítið snjóflóð féll rétt við gönguleiðina á Ingólfssjall uppúr námum.
Stór hvílt efst í Eldborgargili	24.3.2017	53998	S / 1	- / 200 / 3	Spýja féll efst í hvíltinni í Eldborgargili.
"Þrengslin", sá staður við göngubrautina sem oftast hleypur	26.3.2017	53999	S / 1	- / 190 / 1.5	Spýja féll að gönguskíðabrautinni inn af Leirunum í Bláfjöllum.
Brekkurnar norðan Draumadals, allt að Rauðuhnjúkum	26.3.2017	53996	S / 1	- / 150 / 1	Spýja féll norðan Draumadals í Bláfjöllum.
Skálafell	21.4.2017	54071	S / 1.5		Hengjur brustu í norðurhlíðum Skálafells.
Esja	22-24.4.2017	54099	F / 1		Hengjubrot tók með sér lítinn fleka við Rauðhamar í Esjunni.
Kleifarvatn og nágrenni	22-24.4.2017	54098	F / 1		Nokkur lítil flekaflóð féllu í Lönguhlíðum og víðar í Bláfjöllum.
Esja	23.4.2017	54075	F / 1.5	- / 28 / 0.5	Maður slasaðist í snjóflóði í Esjunni við Rauðhamra. Snjólaust var neðan 400 m en nýlegur vindfleki var ofarlega í fjöllum eftir vestan skafrenning dagana áður. Náði maðurinn sem var einn á ferð að ganga að sjálfsdáðum langleiðina að gönguleiðinni við Rauðhól þar sem göngufólk kom honum til aðstoðar.
Borgarfjörður					

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Skarðsheiði	25–26.3.2017	53961	F/2		Litlir flekar féllu í Skarðsheiði.
Snæfellsnes					
Eyrarsveit	9–12.2.2017	53782	Fv/2		Vott flekaflóð féll í Kerlingartindi.
Patreksfjörður					
Vatneyri	26.12.2016	53706	F/2		Lítið flekaflóð féll ofan Patreksfjarðar.
Vatneyri	2016.12.26	52973	F/2		Nokkrar litlir flekar féllu í hlíðinni ofan Vatneyrar á Patreksfirði.
Vatneyri	24.2.2017	53788	F/2		Flekaflóð féll á Vatneyri ofan Patreksfjarðar.
Vatneyri	24.2.2017	53789	F/1.5		Spýja féll ofan við gamla varnargarðinn á Vatneyri.
Vatneyri	25.2.2017	53793	Lv/1		Spýjur féllu í flestum skorningum í skálinni ofan Vatneyrar.
Vatneyri	26.2.2017	53804	F/1.5		Spýja féll á Vatneyri.
Vatneyri	27.2.2017	53817	L/1.5		Margar lausaflóðsspýjur féllu á Vatneyri.
Vatneyri	2.4.2017	54005	Fv/1.5		Nokkrar spýjur féllu á Vatneyri.
Geirseyrargil	2.4.2017	54006	Fv/2		Vott flekaflóð féll í Geirseyrargili.
Patreksfjörður, utan þéttbýlis					
Raknadalshlíð	26.12.2016	52951	F/1.5	-/5/-	Snjóflóð féll í Raknadalshlíð.
Raknadalshlíð	24.2.2017	53794	Fv/1.5		Spýja féll í Raknadalshlíð.
Flöskuhlíð	11.3.2017	53858	Fv/1		Lítið vott flekaflóð féll neðarlega í Flöskuhlíð.
